

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 2/2001

frá 31. janúar 2001

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2000 frá 2. október 2000⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1286/2000 frá 19. júní 2000 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1295/2000 frá 20. júní 2000 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **32000 R 1286:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1286/2000 frá 19. júní 2000 (Stjtið. EB L 145, 20.6.2000, bls. 15),
- **32000 R 1295:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1295/2000 frá 20. júní 2000 (Stjtið. EB L 146, 21.6.2000, bls. 11).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 315, 14.12.2000, bls. 14 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 59, 14.12.2000, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 145, 20.6.2000, bls. 15.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 146, 21.6.2000, bls. 11.

2. gr.

Texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1286/2000 og 1295/2000 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.